

Frá: Hallur Páll Jónsson <hallur@bhm.is>

Sent: fimmtudagur, 16. ágúst 2018 09:40

Til:

Efni: FW: Varðar bréf til forsætisnefndar og eftirmál dómsmáls

Ágætu borgarfulltrúar

Til viðbótar við tölvubréf mitt til ykkar frá 9.ágúst s.l., við ég segja eftirfarandi:

Í tilefni af bréfi skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarstjórnar til forsætisnefndar, sem birt var á tengli mbl í gær (https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/15/meidandi_og_alvarleg_ummaeli_fulltrua/) er ástæða til að benda á eftirfarandi rangfærslu skrifstofustjórans:

1,

Skrifstofustjórinn heldur því fram og lætur líta út í bréfinu að einhverjar nýjar yfirlýsingar hafi komið fram í málflutningi við aðalmeðferð um að fjármálastjórinn hafi sakað hana um einelti. Það er af og frá. Athugið að hún notar orðin *málflutningur við aðalmeðferð*. Það getur ekki átt við um annað en *málflutning lögmanna*, enda eru skýrslur aðila og vitna við aðalmeðferð ekki hluti málflutnings við aðalmeðferð.

Í málflutningi lögmanna kom ekkert nýtt fram í þessum efnum frá því sem fram kom í gögnum málsins. Lögmáður Reykjavíkurborgar vísaði ítrekað til þess sem fram hafði komið af hálfu fjármálastjórans haustið 2016, að fjármálastjórinn hefði þá sakað skrifstofustjóran um eineltistilburði.

Það eru því hreinar rangfærslur og afvegaleiðing umræðunnar, svo sem skrifstofustjórinn gerir nú, að halda því fram að eitthvað nýtt hafi komið fram í málflutningi lögmanna við aðalmeðferð og að það geti réttlætt eineltisrannsókn næstum tveimur árum síðar.

2.

Að auki kemur fram í bréfi skrifstofustjórans að „*rannsóknin hafi ekki verið sett af stað*“. Það er einnig rangt. KVH hefur þvert á móti fundargögn um að fjármálastjórinn var boðaður á fyrsta fund rannsóknar eineltisteymis skóla- og frístundasviðs, þ. 18.maí s.l. Með fjármálastjóranum á þeim fundi var fulltrúi hans stéttarfélags. Þar lagði fjármálastjórinn fram bókun þess efnis að hann hafi ekki lagt fram kvörtun um einelti. Auk þess væri mál rekið fyrir héraðsdómi milli hans og borgarinnar og var þess krafist af hans hálfu að fundi yrði slitið, sem var gert.

Rúmunum mánuði eftir að héraðsdómur kvað upp afdráttarlausan úrskurð sinn og dæmdi Reykjavíkurborg til að greiða fjármálastjóranum miskabætur vegna framgöngu skrifstofustjórans, er áfram haldið og fjármálastjórinn boðaður á næsta fund eineltisteymis þann 18.júlí s.l. Þessu var einnig mótmælt og var þeim fundi frestað.

3.

Afvegaleiðing umræðunnar birtist einnig í bréfi skrifstofustjóra til forsætisnefndar með ósk um að fram fari önnur allsherjar „*rannsókn á framkomu hennar í garð undirmanna sinna með það að leiðarljósi að kanna hvort sú lýsing sem dómurinn setur fram eigi við rök að styðjast*“ !! Hér vill skrifstofustjórinn ekki una niðurstöðu héraðsdóms heldur reyna að hnekkja henni með eigin rannsókn og halda áfram aðför sinni að fjármálastjóranum.

4.

Til að kóróna verkið er síðasta smjörklípan sú að saka borgarfulltrúa um meiðandi og alvarlega umræðu um sig, og leggja fram beiðni um enn aðra rannsókn, þ.e. hvort borgarfulltrúi hafi brotið ákvæði sveitarstjórnarlaga og hvort málið skuli sent siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með kveðju,

Hallur Páll Jónsson

Framkvæmdastjóri KVH

Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Sími: 595 5140

Netfang: hallur@bhm.is

Vefsíða: www.kjarafelagvh.is



